

Bráðabirgðaskýrsla framkvæmdastjórnar ESB um greiðslukort, – boðar hún fyrstu skref til endaloka paradísar bankanna?

Evrópusamtök verslunarinnar, EuroCommerce, hafa um árabíl kvartað undan misnotkun á markaðsráðandi stöðu bankanna og afleiðingum hennar fyrir bæði smásala og neytendur. Hinn 12.apríl sl. birti framkvæmdastjórn ESB bráðabirgðaskýrslu um greiðslukort í tengslum við rannsókn á greiðslumiðlun viðskiptabanka yfir landamæri. Eitt af markmiðum skýrslunnar var að *“skilgreina atriði sem þarfnast skoðunar og hugsanlegra leiðréttinga í samræmi við evrópsk samkeppnislög”*. Þessi skýrsla er meiriháttar sigur fyrir EuroCommerce og aðildarsamtök þess, en SVP eru eitt þeirra.

Niðurstöður framkvæmdastjórnarinnar varðandi greiðslukort eru afdráttarlausar: *“ Fyrirtæki og neytendur njóta enn ekki hagræðis af fullkomlega samkeppnisfærum innri markaði í greiðslukortum (...) . Neytendur greiða 100% meira fyrir MasterCard og Visa í sumum löndum en í öðrum. Munur á þóknunum sem fyrirtækjunum er gert að greiða getur verið allt að 500% í 25 löndum ESB fyrir Visa og allt að 650% fyrir MasterCard. Þessi mikli mismunur staðfestir að lækka mætti verð verulega í sumum aðildarlöndum ESB.”*

Flestar niðurstöðurnar staðfestu það sem EuroCommerce hefur verið að segja undanfarin 8 ár . EuroCommerce mun tryggja að misgjörðir sem fram koma í skýrslunni leiði til úrbóta.

Niðurstöður framkvæmdastjórnarinnar staðfesta það sem við höfum verið að segja í mörg ár: Að greiðslukortamarkaðurinn er ekki samkeppnissinnaður og skorti raunverulegt gegnsæi sem kemur fram í órókstuddum hærrí kostnaði fyrir alla. Framkvæmdastjórnin hefur réttilega lagt áherslu á hagsmuni neytenda og smásala með þeirri staðhæfingu að kortakerfi eins og MasterCard og Visa hafi verið að krefjast óeðlilegra hárra gjalda.

Framkvæmdastjórnin bendir jafnframt á að, - eins og EuroCommerce hefur endurtekið í mörg ár,- *“Gjöld vegna kortamóttöku eru notuð til að “skattleggja” sölur útsölastaða þar sem bankar krefja smásala um þóknun fyrir sérhverja notkun greiðslukorta. Þetta leiðir til hærrí útsöluverða sem nemur allt að 2,5% af heildarinnkaupsverði neytenda og eykur enn áhrif af stíðri markaðsstarfsemi”*.

Eins og framkvæmdastjórnin segir réttilega þá eru það neytendur sem að lokum greiða fyrir mikinn hluta af óhóflegum gróða bankanna. Niðurstöður framkvæmdastjórnarinnar eru mikilvægt skref fram á við,

en það er mikilvægt að framkvæmdastjórinn grípi til viðeigandi úrræða til að binda enda á þessa ósamkeppnislegu starfshætti.